

Skólaráð Naustaskóla

8. fundur ársins 2016

Skólaráðsfundur 13. október 2016

Mættir: Bryndís, Alla, Bettý, Inda, Þóra, Andrea, Ingibjörg, Ína

Byrjað var á því að meðlimir í skólaráði kynntu sig og ákveðinn var fastur fundartími en fundað verður annan fimmtudag í mánuði. Kynnt var starfáætlun skólaráðs. Starfsáætlun Naustaskóla er að verða klár og verður send á næstu dögum til allra í skólaráði til yfirlestrar og hún síðan rædd á næsta fundi. Upplýst um markmiðavinna sem fer fram í skólanum núna hjá kennurum. Námsmatið okkar byggist á markmiðum og því er þetta afar mikilvæg vinna. Rætt var um JA aga og þróunarverkefnið sem við erum að vinna með Ingvari Sigurðssyni. Þetta eru þau áheyrslu atriði sem unnið verður að í vetur. Foreldrar sem eru fyrir hönd foreldrafélagsins í skólaráði báðu um að haldið yrði foreldranámskeið í Ja aga. Gott væri ef það gæti verið nokkur skipti.

Framkvæmdamál: Bryndís ræddi um skólalóðina en þetta liggur mjög á nemendum og kennurum. Foreldrar hafa verið að sækja fundi hjá bæjarflokkunum. Skólaliðin er lítil og nemendur eru að leika sér á bílplaninu og við ruslagámana. Foreldrar ræddu að ólíðandi væri að snjómokstur sé á skólatíma. Einnig að gámarnir séu tæmdir á skólatíma þar sem börn eru að leik á þessum tíma. Foreldrafélagið mun senda frá sér ályktun um þetta. Þóra benti á að gott væri að endurskoða hönnun á skólalóðinni áður en hafist verður handa. Rætt var um að setja af stað aðgerðaráætlun um að koma umræðunni um skólalóðina bæði til fjölmiðla og bæjarráðs. Skólinn ætlar að senda fyrirspurn um hver sé staðan og hvað þeir ætli sér. Sendir síðan bréf til að þrýsta á. Foreldrafélagið tekur síðan við og sendir bréf þegar skólinn er búinn. Síðan hverfisnefndin, þá mundu nemendur og starfsfólk senda bréf og svo koll af kolli.

Foreldrafélagið er eftir að hittast en það eru færri í foreldrafélaginu núna en hefur verið. Bekkjarhittingar eiga að vera þrisvar sinnum yfir veturinn hjá öllum árgöngum. Gott að setja hittingana sem verða inn á heimasíðu skólans og mikilvægt er að foreldrar átti sig á að bekkjarkvöld eru fyrir nemendur og foreldra og ekki er ætlast til að nemandi mæti einn. Formaður foreldrafélagsins ætlar að skrifa pistil sem Bryndís setur í næsta fréttabréf til að minna foreldra á hvað virkni þeirra í bekkjarsamstarfinu skiptir miklu máli.